

38
14. júní

LÖG

um

**breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, og lögum nr. 52, 28. nóv 1919.
[Ritsíma- og talsímakerfi].**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi. Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Efnismálgrein 1. gr. laga nr. 35, 15. júní 1926, orðist svo:

Lína frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Lækjamót, Breiðabólstað að Vesturhópshólum, með hliðarlínu að Víðidalstungu. Lína frá Hvammstanga um Illugastaði að Hindisvík. Ennfremur lína frá Melstað um Urriðaá að Núpdalstungu, með hliðarlínu að Skeggjastöðum. Lína frá Bólstaðarhlíð um Skeggjastaði að Bergsstöðum. Lína frá Kagaðarhóli að Reykjum á Reykjabraut. Lína frá Höskuldsstöðum um Efrimýrar að Kirkjuskarði. Lína frá Kálfshamarsvík að Höfnum. Lína frá Efra-Hvoli um Hof, Kirkjubæ og Geldingalæk að Holtsmúla. Lína frá Þórs-höfn til Gunnólfsvíkur. Lína frá Skógum um Núp að Skinnastöðum. Lína fram Bárðardal. Lína um Fnjóskadal. Lína frá Hjaltastað að Kirkjubæ. Lína frá Stóra-Kroppi að Reykholti. Lína frá Síðumúla um Bjarnastaði að Gilsbakka, með hliðarlínu að Stóra-Ási. Lína frá Hesti fram Lundarreykjadal að Fitjum í Skorradal. Lína frá Borgarnesi um Langárfoss, Smiðjuhól og Hofstaði að Laxárholti. Lína frá Sauðárkóki um Hvamm í Laxárdal að Hrauni á Skaga. Lína frá Víðimýri um Reyki, Lýtingsstaði að Goðdölum. Lína frá Víðimýri um Frostastaði að Hofdölum. Lína frá Bíldudal að Selárdal. Lína frá Torfastöðum til Geysis. Lína frá Egilsstöðum um Fossvelli að Skjöldólfsstöðum í Jökuldal. Lína frá Breiðamýri um Máskot að Skútustöðum. Lína frá Breiðamýri um Grenjaðarstað að Hveravöllum. Lína frá Syðri-Tungu á Tjörnesi að Hallbjarnarstöðum. Lína frá Kópaskersvogi til Leirhafnar. Lína frá Garði til Kollavíkur. Lína frá Akranesi í Innri-Akraneshrepp. Lína frá Kalastaðakoti um Saurbæ á Hvalfjarðarströnd að Þyrli. Lína frá Ölfusá um Alviðru að Úlfjótuvatni, með hliðarlínu að Búrfelli. Lína frá Stokks-eyri að Fljótshólum, með hliðarlínu um Gaulverjabæ að Villingaholti. Lína frá Breiðdalsvík um Eydali að Höskuldsstöðum og lína frá Beru-

nesi um Berufjarðarströnd að Berufirði. Lína frá Arngerðareyri til Melgraseyrar, frá Bolungarvík til Meiri-Bakka í Skálavík, frá Hesteyri að Sæbóli í Aðalvík, frá Sandeyri á Snæfjallaströnd um Stað í Grunnavík að Höfða í Grunnavíkurbreppi. Lína frá Búðardal um Bröttubrekku að Dalsmynni, með hliðarálmu að Haukadál. Lína frá Staðarfelli um Skarð að Stórholti. Lína frá Breiðavík í Rauðasandshreppi að Hvallátrum. Lína frá Arnarstapa í Breiðavíkurbreppi um Saxhól að Hjallasandi. Lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga. Lína frá Breiðavík við Reyðarfjörð um Víkurheiði að Krossanesi. Lína frá Siglufirði að Siglunesi. Lína frá Egilsstöðum á Völlum um Ekkjufell að Birnufelli.

2. gr.

Orðin „og þaðan að Ármúla og Grunnavík“ í lögum nr. 52, 28. nóv. 1919, falli niður.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

L Ö G

um

lánsheimild fyrir ríkisstjórnina.

39

14. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði allt að 12000000 — tólf miljóna — kr. lán.